

Brjef stjórnarráðsins til amtmannsins yfir Suðuramtinu og Vesturamtinu um sveitarstyrk. Með brjefi dags. 22. f. m. hafið þjer, herra amtmað. 16
25. febr. ur, sent til landshöfðingja erindi frá hreppsnefndinni í hinum forna Kleifahreppi í Skaptafellssýslu, þar sem hún áfrýjar úrskurði yðar, dags. 30. okt. f. á., er ákveður að Sigríður nokkur Guðmundsdóttir skuli teljast sveitlæg í hinum forna Kleifahreppi, og að þessum hreppi beri að endurgjalda Villingaholtshreppi í Árnessýslu framlög hans með henni fyrir 1901—1902 og 1902—1903, 39 kr. alls, og framvegis ef nauðsyn krefur, þangað til hún yrði flutt á sveit sína.

Útaf þessu skal yður hjermeð til vitundar gefið til frekari birtingar að þar sem það er sannað, að þurfalingurinn er sveitlæg í Kleifahreppi hinum forna og aðsjón sú, er eptir atvikum var hægt að gjöra hjá henni, hefir verið framkvæmd, skal úrskurður yðar standa óhaggaður.

Úrskurður amtsins.

Sýslumaðurinn í Árnessýslu hefir með brjefi, dags. 8. þ. m., skotið til amtsins ágreiningi milli yðar, velborni herra sýslumaður, og sín útaf kröfu Villingaholtshrepps í nefndri sýslu á hendur hinum forna Kleifahreppi í Skaptafellssýslu til endurgjalds á framlagi með gamalmenninu Sigríði Guðmundsdóttur á vistarárinu 1901—1902, 10 kr., og á vistarárinu 1902—1903, 29 kr., alls 39 kr., sem hreppsnefndin í hinum síðarnefnda hreppi hefir neitað að endurgreiða vegna þess, að ástæður Sigríðar hafi eigi verið rannsakaðar áður en styrkurinn yrði veittur, og að hún eigi hafi beðið um styrkinn, enda liggi eigi fyrir fullljósar sannanir fyrir því, að Sigríður eigi framfærslurjett í hinum forna Kleifahreppi, sem er fæðingarsveit hennar, en þjer hafið talið það varhugavert að skylda Kleifahrepp til að endurgjalda styrkinn, þar sem Sigríður sjálf eptir skýrslu oddvitans þar hafi brjeflega borið á móti því, að hún hafi beðið um eða verið þurfandi sveitarstyrks, en hins vegar liggi eigi fyrir nein beiðni um styrkinn nje aðsjónargjörð.

Eins og drepíð var á, er Sigríður Guðmundsdóttir fædd í hinum forna Kleifahreppi og er talin 69 ára að aldri, þá er hún var sögð til sveitar á árinu 1901 í Villingaholtshreppi af húsbónda sínum Guðmundi Jónssyni í Saurbæ, sem hún hafði dvalið hjá 5 ár. Það er nægilega sannað bæði af framburði Sigríðar sjálfrar og kirkjubókarvottorðum, að hún hvergi hefir með löglegri 10 ára dvöl áunnið sjer sveit nokkursstaðar utan fæðingarhrepps síns eptir að hún var orðin 16 ára gömul, og liggur það í augum uppi, að það gerir hvorki til nje frá, að Sigríður hefir talið sig hafa haft heimili á sama bæ þau 7 ár, sem hún síðast dvaldi í Gaulverjabæjarhreppi, þótt dvöl hennar þar hafi komið niður á tvö heimili, og eigi fremur getur það hnekkkt framburði hennar um aldur siun, að hún fyrst hefir verið talin 35 ára gömul þegar hún kom úr Kleifahreppi í Holtamannahrepp í Rangárvallasýslu árið 1869, sem rjett á eptir er leiðrjett í prestsþjónustubók Oddaprestakalls á þá leið, að hún hafi verið 38 ára að aldri á árinu 1870. Að því leyti er snertir þá mótbáru að Sigríður Guðmundsdóttir hafi eigi beðið um styrkiun, og að engin aðsjónargjörð hafi framfarið, þá er það eigi heimtað í fátækralöggjöf vorri sem skilyrði fyrir lögmæti fátækrastryks, að þurfalingurinn hafi beðið um styrkinn, enda getur það komið fyrir, og hefir þráfaldlega komið fyrir, að fátækrastryrk beri að veita, þótt engin beiðni um styrkinn liggi fyrir. Um eiginlega aðsjónargjörð á högum Sigríðar, sem alla æfi sína hefir lifað í vinnuhjúastjett síðan hún komst upp og er ógipt og barnlaus, virðist eigi hafa getað orðið spurning, enda hlaut hreppsnefndinni að vera kunnugt um kringumstæður hennar, en eptir skýrslu hins þáverandi oddvita í Villingaholtshreppi, sem nú liggur fyrir, hefir hann farið á heimili Sigríðar þá er hún var sögð

14. dag marzmánaðar 1904.

16 til sveitar, og rannsakað kringumstæður hennar; reyndist það þá að hún hafði ekkert kaup haft, að heilsa hennar var farin að bila, og að hún eigi var matvinnungur. Hinn veitti fátækrastrykur er þannig lögmætur að öllu leyti.

Samkvæmt framanrituðu er því hjermeð úrskurðað, að Sigríður Guðmundsdóttir skal álitast sveitlæg í hinum forna Kleifahreppi, og ber þessum hreppi að endurgjalda Villingaholtshreppi framlög hans með henni fyrir 1901—1902 og 1902—1903, 39 kr. alls, og framvegis ef nauðsyn krefur þangað til hún yrði flutt á sveit sína.

Jafnframt því þjónustusamlega að tilkynna yður þetta yður til leiðbeiningar og birtingar fyrir hreppsnefndinni í hinum forna Kleifahreppi, skal eg mælast til þess að þjer sjáið um að hún án tafar inni af hendi nefnda upphæð.

17

20. febr.

Brjef stjórnarráðsins til amtmannsins yfir Suðuramtinu og Vestur-
amtinu um sveitarstyrk veittan þurfalingi. Með brjefi dags. 17. þ. m. hafið þjer, herra amtmáður, sent hingað erindi frá hreppsnefndinni í Múlahreppi í Barðastrandarsýslu, þar sem hún áfrýjar til stjórnarráðsins úrskurði yðar, dags. 10. sept. f. á., sem ákveður að Nauteyrarhreppur í Ísafjardarsýslu skuli eigi vera skyldur að endurgjalda Múlahreppi styrk, að upphæð 12 kr., sem hreppsnefndin í hinum síðarnefnda hreppi veitti stúlkunni Friðmeyju Ámundadóttur haustið 1901.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið til frekari birtingar, að með því að stjórnarráðið verður að öllu leyti að fallast á þær ástæður, sem þessi úrskurður yðar er byggður á, skal hann standa óraskaður.

Úrskurður amtsins.

Eptir að sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu hafði í brjefi dags. 1. desbr. f. á. borðið undir úrslit amtsins ágreining milli yðar og sín um kröfu hreppsnefndarinnar í Múlahreppi í nefndri sýslu á hendur hreppsnefndinni í Nauteyrarhreppi í yðar sýslu, til endurgjalds á framlagi með stúlkunni Friðmeyju Ámundadóttir haustið 1900, að upphæð 12 kr., og eptir að jeg hef leitað ýmsra ítarlegra skýrslna snertandi þetta mál, bæði hjá yður og sýslumanninum í Barðastrandarsýslu, er svolátandi úrskurður lagður á það.

Eptir þeim skýrslum, sem fyrir hendi eru, er Friðmey Ámundadóttir fædd í Hafnardal í Nauteyrarhreppi 1. nóvbr. 1867 og kom hún í Múlahrepp á árunum 1892 með mági sínum Guðna Hafliðasyni, nú í Skálmdal í nefndum hreppi, sem segist hafa tekið við henni, sem samkvæmt vottorði sóknarprests hennar er almennt talin ósjálfbjarga aumingi, eptir beiðni móður hennar og uppá hjálp eða meðgjöf frá henni; eptir að móðirin var farin til Vesturheims, sagði Guðni Friðmeyju Ámundadóttur til sveitar haustið 1900, og fekk hún þá fyrnefndan styrk að upphæð 12 kr., en síðar hefir hún engan styrk þegið í Múlahreppi. Friðmey hafði alizt upp á sveit frá barnsaldri þangað til hún var 15 ára, en eptir að hún var komin af ómagaaldri, var henni veittur fátækrastrykur í Nauteyrarhreppi 1888—1889 og 1889—1890.

Þar sem það sjest af málsskjölunum að hreppsnefndin í Múlahreppi eigi tilkynnti styrkveitinguna fyr en í marz 1901, þá hefir hún þegar af þeirri ástæðu fyrirgjört rjetti